

HANDA-BÖND OG HJARTAPÆL

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Í pistlum mínum um list textil-kvenna hef ég stundum vikið að því, að þær væru full nálægt málverkinu og skúlptúrlistinni.

Málið er, að það fara ekki allir í skóna hinnar pólsku listakonu Magdalenu Abakanowitz, sem getið hefur sér heimsfrægd fyrir sérkennilega meðhöndlun vefjarins. Verk hennar eru ídulega meira rým-istlist og leikur við tilfallandi rými en vefjarlist. Erú að auk heilmikil „installation“ eins og það heitir.

Og þótt hún geti þetta með glæsi-brag er það ekki borðleggjandi að heill her af norrænum konum geti það líka.

Hver sýningin rekur aðra, þar sem myndverk viðkomandi virðast á mörkum þess að vera það sem þau eru sögð vera.

Það er því nokkur léttir að koma inn á sýningu *Birnu Kristjánsdóttur* í Ásmundarsal og sjá jafn hrein vinnubrögð og þar koma fram — og þetta með hreinu vinnubrögðin skiptir miklu máli í myndlistinni.

Birna er útlærð sem textillista-maður og hefur hér lokið meist-aragráðu, eins og það heitir í henni Ameríku. En hún hefur þó valið að taka fram pensilinn og litina, en hagnýta sér um leið þekkingu sína á textil og þetta er allt annað en t.d. að nálgast málverkið með alls konar tilfæringum. Jaðrar mynd-anna eru ekki alltaf beinir og slétt-ir heldur eins og vex myndverkið áfram til hliðanna, eftir því sem verða vill og listamaðurinn telur við hæfi.

Í París sá ég svipaða mynd-hugsun í sumum verka blökkum-mannsins fræga, Hervé Télémaque, en hann fer að á allt annan og

hnitmiðaðri hátt, enda myndhugsun hans einnig allt önnur. Hann rúllar kannski upp léreftstranga og festir með mikilli vandvirkni við eina hlið-ina — snjöll hugmynd er gengur inn í myndverkið og verður hluti þess og felur í sér efnislega skírskotun.

Miklu oftast sér maður slíkar til-raunir, sem koma eins og skrattinn úr sauðarleggnum í algjöru til-gangsleysi sínu, en er fálmkennd tilraun til að vera nútímalegur.

Formin í myndum Birnu eru ein-föld og heil, hún tekur ekki mikla áhættu, en telst rétt að svo komnu, en það er eitthvað skrambi mynd-rænt við þessar myndir er leitar á og heldur manni föstum. Er hér um að ræða mannverur, einar sér eða tvær, sem hún staðfærir á mynd-flötinni á mjög einfaldan og mynd-rænan hátt. Vil ég hér einkum nefna myndirnar „Handa-bönd I“, „Hjartapel (13)“, „Gljúpur“ (14),



Morgunblaðið/Árni Sæberg
Birna Kristjánsdóttir

„Handa-bönd III“ (15), „Hjartapel III“ (16) og „Kuldinn“ (19).

Allt eru þetta myndir, sem í ein-faldleika sínum og myndrænni út-færslu eins og kalla á athygli skoð-andans.

Rof og umbrot

Í eystri sal Kjarvalsstaða hefur veflistakonan *Ingibjörg Styrgerður Haraldsdóttir* komið fyrir nokkrum myndverka sinna og stendur sýn-ingin til 3. desember.

Ingibjörg hefur verið mjög virk á þessum áratug og víða sýnt verk sín ásamt því að vefa fyrir ýmsar opinberar stofnanir og einkaaðila.

Fyrir tveim árum sýndi hún verk sín í vestari gangi Kjarvalsstaða og er sú sýning mér nokkuð minnis-stað.

Það er látleysið, sem einkennir vinnubrögð Ingibjargar, hvort held-ur sem hún velur sér liti eða form.

Teppi hennar eru einföld í sniðum og litirnir mildir og þá yfirleitt blá-ir og róandi. Er þetta mjög í sam-ræmi við skapgerð listakonunnar, sem gengur að auk að hlutunum með yfirvegaðri ró og flýtir sér hægt.

Teppin á sýningunni eru nokkuð nútímaleg í formi og er ég ekki alltaf viss um, að það henti henni

né að hún gangi að þeim með fullri sannfæringu. Mun heilsteyptari er vefur henni í sigildu formi t.d. vegg-teppið „Vindur“ (10). En ekki er ég alveg með á nótunum, er ókenni-leg horn vaxa út úr myndunum eins og t.d. á sér stað í myndunumj „Allt til enda“ (6) og „Vala, vefur, vefur vefur...“ (8), sem að öðru leyti eru vel ofin verk og athyglis-verð.

Hornin þykja mér fullkomlega óþörf og einna líkast ókennilegum útskotum.

Mun betur tekst henni upp að mínu mati í nútímalega vefnum „Rof“, þar sem formin eru heil, ein-föld og klár.

Það er ákaflega heill og þekkilæg-ur svipur yfir þessari sýningu og þegar Ingibjörgu tekst að beisla nýjungaákefðina, þá er ekki vafi á því, að hún eigi eftir að ná enn lengra í vef sínum.

Frumleikinn og nýjungarnar verða nefnilega að koma af sjálfu

MINNISVARÐAR

„Bautasteinar“ nefnir ung mynd-listarkona málverkasýningu sína í FÍM-salnum á horni Ránargötu og Garðastrætis.


Þetta eru stórar myndir mjög þungra og einfaldra forma, þar sem áherslan er lögð á efni, lit og form.

Minnisvarðarnir eru dökkir og þungbúnir, líkt og þeir búi yfir óræðri sögu úr fortíðinni, — sögu margvíslegra og á stundum torråd-inna orlaga. En allt eins getur myndefnið einungis verið hrein og bein glíma við stór form, fáa en klára liti og efniskennd svo og alla samanlagða myndbygginguna.

Þetta er frekar einhæft þema og að sama skapi erfitt, enda er útkom-an æði misjöfn og þá sýnu best að mínu mati í myndunum 2, 3 og 9. Einkum er formið í síðasttöldu myndinni lifandi.

Mér finnst einhvern veginn sem Ingibjörg færast full mikið í fang og hafi ekki náð nægilega sterkum tókum á samspieli forma og lita, og myndir þurfa ekki endilega að virka svona þungar, þótt menn noti svart óspart.

En það er hins vegar tvímæla-laust mjög áhugavert, er ungt lista-fólk velur sér jafn erfitt hlutskipti og hér á sér stað, og með þraut-



Bautasteinar.

seigju og þolinmæði kann það að bera drjúgan ávöxt, er tímar líða.

Hvert listakonan er að fara, veit ég ekki með öllu, því að hvorki er

sýningarskrá á staðnum, stefnu-yfirlýsing af nokkru tagi né þekki ég viðhorf hennar til málalistar-innar.

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS ÖLDUNGADEILD



Innritun á vorönn öldungadeildar Verzlunarskóla Íslands fer fram á skrifstofu skólans dagana 27. – 30. nóvember kl. 08.30–19.00.

Ráðgert er að kenna eftirtalda námsáfanga á vorönn:

- Bókfærsla: BÓK204, BÓK404, BÓK613
- Danska: DAN404
- Enska: ENS204, ENS404, ENS804
- Farseðlautgáfa: FAR114
- Franska: FRA403, FRA803
- Hagfræði: ÞJÓ203, REK415
- Íslenska: ÍSL102, ÍSL214, ÍSL404, ÍSL804
- Landfræði og saga Íslands: LAN213
- Líffræði: LÍF204
- Mannkynssaga: SAG602
- Ritvinnsla: VÉL403
- Stærðfræði: STÆ204, STÆ404, STÆ804, STÆ814
- Tölvubókhalld: TÖB214, TÖB414
- Tölvufræði: TÖL113, TÖL203, TÖL403, TÖL614
- Vélrítun: VÉL102, VÉL201
- Þýska: ÞÝS403, ÞÝS803

Áföngum ofangreindra námsgreina er hægt að safna saman og láta mynda:

- Próf af bókhaldsbraut
- Próf af ferðamálabraut
- Próf af skrifstofubraut
- Verslunarpróf
- Stúdentspróf

Umsóknareyðublöð og námslýsingar fást á skrifstofu skólans, Ofanleiti 1.

Eyjabálkur Einars Kárasonar kominn út

ÚT ER komin hjá Máli og menn-ingu skáldsagan *Fyrirheitna landið* eftir Einar Kárason.


Í kynningu útgefanda segir m.a.: „Þessi saga er sjálfstætt framhald bókkanna Þar sem djöflaeyjan rís og Gulleyjan. Hún gerist nokkru síðar en þær, söguviðið er ekki lengur Thulekampurinn heldur segir hér frá för til fyrirheitna landsins, Ameríku. Sögumaður er Mundi, sonur Dollfar, og með honum í för er bróðir hans, billjardsénið Bóbó og skáldið og sér-vitringurinn Manni, sonur Fíu og

Tóta. Þeir halda á slóðir frumherja roksins, endurlifa gömlu sögurnar, goðsagnirnar, fjörið og lætin. Þeir hitta um síðir gömlu hetjuna, Badda, sem býr í hjólhýsi með móður sinni, Gógó. Þetta er saga um hetjumynd-ir, sársauka, draumóra og uppgjör.“

Nú er verið að gefa fyrri bækurnar tvær út í þýðingum á Norður-löndum.

Fyrirheitna landið er 234 blaðsíður. Guðjón Ketilsson teiknaði kápu. Prentstofa G. Benediktssonar prentaði, en bókkband annaðist Arnarfell hf.


Mál og menning hefur líka gefið út „stórbók“ sem hefur að geyma þrjár skáldsögur Einars Kárasonar,



Einar Kárason

sem eru Þar sem djöflaeyjan rís, Gulleyjan og Fyrirheitna landið. Saman mynda þessar sögur eina heild og hafa þær stundum verið nefndar „Eyjabálkurinn“.

Gabriele 100



7A TRIUMPHADLER Ritvélur í úrvali


Verð frá kr. 17.900,-stgr.
Einar J. Skúlason hf.
Grensásvegi 10, sími 686933

Greinar, ræður og pistlar eftir Jónas Árnason

JÓNAS ÁRNAON, skáld og fyrr-um alþingismaður, hefur gefið út bókina „Góð bók og gagnleg fyrir suma“ og í undirtitli eru taldir til þess hóps sósíalistar, kvennalista-konur, vinstri framsóknarmenn, skynsamir kratar og viðtalshæfir íhaldsmenn.

Í bókinni eru greinar, ræður og pistlar Jónasar frá tíma hans í blaðamennsku og á þingi og í bókarauka fjórtán bréf hans frá New York til meistara Þórbergs Þórðarsonar. Kápumynd og kaflalýsingar eru eftir Tolla og Jónas gefur bókina út í minningu Kristins E. Andreðssonar.

Efni bókarinnar er skipt í eftir-talda kafla: Hernámsmál, Utanríkis-mál, Landhelgismál, Náttúruvernd og stóröjla, Greinar um ýms efni, Ádrepur af ýmsu tæi og Bókarauki. Bókin er 202 blaðsíður.



Jónas Árnason